

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: MVA ehf.  
kt. 541212-0860

Starfsstöð: Ekkjufellsseli 8, 701 Egilsstaðir  
Fastanúmer: 231-5307

Gildistími: frá 16. júní 2022 til 16. júní 2034

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

#### • Steypueiningarverksmiðju

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



**HAUST**

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: MVA ehf., kt. 541212-0860  
Starfsstöð: Ekkjufellsseli 8, 701 Egilsstaðir  
Fastanúmer: 231-5307

Leyfið gildir frá 16. júní 2022 til 16. júní 2034

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Steypueiningarverksmiðju

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 29. mars 2022.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*
- *Efnalög nr. 61/2013 m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp m.s.br.*

Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum og haga starfsemi og frágangi í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulagi.

## 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

---

Um er að ræða starfsleyfi fyrir steypueiningaverksmiðju.

Um starfsemina gilda m.a.:

- *Fylgiskjal 1. Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi.*
- *Fylgiskjal 2. Starfsleyfisskilyrði fyrir steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur.*

## 2. Mengunarvarnir

---

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

### 2.1. Fráveita

Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður. Stefnt skal að hreinsun fráveitu frá framleiðslunni í samræmi við grein 4.4. í starfsleyfisskilyrðum fyrir steypustöðvar og steypueiningarverksmiðjur.

Hafa skal reglubundið eftirlit með mengunarvörnum og hreinsa með reglubundnum hætti.

### 2.2. Efnavara

Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

Meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lífdísel og öðrum lífheldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

### 2.3. Olíugeymar

Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar olíu eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir. Staðsetning olíugeyma og olíulagna þarf samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits. Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðferð á olíumenguðum jarðvegi.

### 2.4. Meðferð úrgangs

Úrgangur skal flokka eftir því sem tók eru á til endurvinnslu eða endurnotkunar.

Fastur úrgangur frá framleiðslu, þ.e. sandur, set, afgangssteypa o.þ.h. skal fargað í samvinnu við sveitarfélagið á urðunarstað fyrir óvirkan úrgang eða á löglegum sorpförgunarstað.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

### 2.5. Hávaði

Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

## 2.6. Loftmengun

Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og viðhalda þannig þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengudu lofti. Þess skal gætt að ryk og lyktarmiklar eða hættulegar lofttegundir valdi ekki óþægindum eða hættu í nærliggjandi umhverfi.

## 3. Skráningar og innra eftirlit

---

Rekstraraðili skal viðhafa eigið eftirlit með starfseminni sem m.a. er fólgin í skráningu á eftirfarandi:

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim
- Niðurstaða sýnatöku í frárennsli frá starfstöðinni

Upplýsingar um legu fyrirkomulag frárennislagna skulu vera tiltækar hjá rekstraraðila.

Halda skal skrá yfir olúgeyma starfstöðvar, þ.e. fyrir neyslu-, húsa- eða lausageyma sem eru í notkun.

**Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.**

## 4. Annað sem varðar starfsemina

---

### 4.1. Lóð og umhverfi

Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu og lóðarmörk virt.

Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágranna. Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóð fyrirtækisins.

### 4.2. Umhverfismarkmið

Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

### 4.3. Mengunaróhapp

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

### 4.4. Starfsemi hætt

Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Austurlands með minnst mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megji út frágang á aðstöðunni.

Gera skal ráðstafanir til þess að úrgangi, efnnum og búnaði verði fargað á viðurkenndan hátt.

dd. mmm 2022

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

  
Dröfn Svabjörnsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi



**HAUST**

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

16. júní 2022

## **Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir MVA ehf., einingaverksmiðja að Ekkjufellsseli 8, 701 Egilsstaðir**

Umsókn um starfsleyfis fyrir steypueiningaverksmiðju að Ekkjufellsseli 8, 701 Egilsstaðir barst 29.3.2022. Umsækjandi er MVA ehf., kt. 541212-0860

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 31. mars 2022 og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 28. apríl 2022.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

Dröfn Svanbjörnsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til nefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

## FYLGISKJAL I

**ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI**

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

**1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ**

- 1.1 Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.
- 1.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.3 Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla. (reglugerð 550/2018)
- 1.4 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

**2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI**

- 2.1 Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorphát.
- 2.2 Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.
- 2.3 Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.
- 2.4 Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olíutanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

2.5 Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.

### 3. MENGUNARVARNIR

3.1 Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

3.2 Loftræstingu skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.

3.3 Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslilagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslu sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

3.4 Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.

3.5 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

3.6 Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

3.7 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

3.8 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.

3.9 Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.

#### 4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

4.2 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfissvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.

4.3 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.

4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.

4.5 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.

4.6 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.

4.7 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.

#### 5. EFTIRLIT

5.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.*



**FYLGISKJAL II**

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

## steypustöðvar og

## steypueiningaverksmiðjur

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda um rekstur steypistöðva og steypueiningaverksmiðja.	550/2018 5. gr.	
1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3 Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur, s.s. verkstæði, gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4 Rekstraraðili skal uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfsviði sínu. Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið og beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum. Orka skal vera vel nýtt.	550/2018	
1.5 Rekstraraðili skal veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðisnefnd metur innan fjögurra vikna frá móttöku upplýsinganna hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.	550/2018 13. gr.	
1.6 Tilkynna skal heilbrigðisnefnd ef starfsemi rekstraraðila er lögð niður. Leggist hún niður skal fjarlægja allan rekstrarúrgang og spilliefni og skila til viðeigandi móttökustöðva fyrir úrgang. Einnig skal ganga frá mannvirkjum þannig að hætta stafi ekki af þeim.	550/2018	
1.7 Endurskoða skal starfsleyfið í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2018.	550/2018 14. gr.	

1.8 Almennigunur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn skv. 6. gr. og upplýsingum um mengunarvarnareftirlit skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018.	550/2018 6. og 57. gr	
---	--------------------------	--

## 2. ATHAFNASVÆÐI OG LÓÐARUMGENGNI

	Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1 Halda skal mannvirkjum, lóð, lóðaraðkomu og bílastæðum snyrtilegum.	737/2003	
2.2 Haga skal nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag, virða lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
2.3 Bifreiðum, tækjum og lausamunum, sem ekki er í notkun, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og án þess að vera til lýta í umhverfi.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	
2.4 Óheimilt er að geyma bílhæ og annan úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu, í samræmi við ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.	737/2003	
2.5 Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.	
2.6 Lagerhald á framleiðsluvörum skal vera á afmörkuðu svæði á lóð í samræmi við samþykkt lóðarskilmála.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	
2.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á slysavörnum á sínu athafnasvæði. Takmarka skal umferð óviðkomandi um lóð og girða hana í samráði við skipulagsyfirlönd.	941/2002	

## 3. ALMENNAR KRÖFUR UM MENGUNARVARNIR

	Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1 Upplýsingar um legu og fyrirkomulag frárennslislagna skulu vera tiltækar hjá rekstraraðila. Breytingar á frárennslikerfi þurfa samþykki byggingafulltrúa. Búnaði til mengunarvarna skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ. Ekki má skerða mengunarvarnir á fráveitu sem fyrir eru né takmarka möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.	798/1999	
3.2 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013	

3.3	Við meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkennda förgun eins og hún er skilgreind hverju sinni. Jafnframt skal meðhöndlun úrgangs vera í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 737/2003.	737/2003 11. gr.	
3.4	Geyma skal spilliefni og önnur hættuleg efni aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum eða úrgangi, í vel merktum ílátum. Að notkun lokinni skal skila spilliefnum til viðurkenndra söfnunar- eða móttökustöðva. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999, um spilliefni.	806/1999	
3.5	Óheimilt er að losa spilliefni og önnur hættuleg efni í fráveitu.	798/1999	
3.6	Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka vatnsnotkun og halda ítarlega skrá yfir hana sem vera skal aðgengileg í eftirliti.	550/2018	
3.7	Rekstraraðili er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða.	724/2008 8. gr.	
3.8	Óheimilt er að skilja ökutæki eftir í gangi þegar þau eru yfirgefin sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 788/1999 um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppspretta.	788/1999 6. gr.	
3.9	Olíutankar skulu vera í þróm eða staðsettir á öruggan hátt á olíuheldu plani með afrennsli í samþykktu olíuskilju. Olíuáfyllingar skulu fara fram á áfyllingsplani sem tengt sé olíuskilju.	884/2017	
3.10	Afla þarf leyfis byggingafulltrúa og heilbrigðisnefndar fyrir frágangi, staðsetningu og stærð olíutanka. Sama gildir um frágang á áfyllingarplani og olíuskilju.	884/2017	

#### 4. SÉRTÆKAR KRÖFUR UM MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Rekstraraðili skal tryggja að ryk frá lóð og starfsemi valdi ekki ónæði eða tjóni utan lóðarmarka með því m.a. að: <ul style="list-style-type: none"> <li>a) Hafa akstursleiðir, bílaplön og geymslusvæði með bundnu slitlagi til að auðvelda hreinsun.</li> <li>b) Skipuleggja reglubundin þrif á akstursleiðum, geymslusvæðum og plönum, þannig að sem minnst óþægindi og mengun vegna ryks stafi frá þessum svæðum.</li> <li>c) Á stöðinni sé aðgengilegur búnaður til dekkjapvotta fyrir steypu- og vöruflutningabifreiðar og önnur þungavinnutæki.</li> </ul>	788/1999 og rgl. nr. 787/1999	
4.2	Rekstraraðili skal leita leiða til að endurvinna afgangssteypu.	737/2003 11. gr.	

4.3 Rekstraraðili skal hafa þvottaðstöðu til þrifa á búnaði, tækjum og bifreiðum.	550/2018	
4.4 Frárennsli frá stöðinni skal hreinsað áður en því er veitt í móttaka. Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli. a) Fráveituvatn frá steypustöð, allri þvottaðstöðu fyrir búnað, tæki og bifreiðar, endurvinnslustöð, akstursleiðum í kringum steypustöð og öðrum þeim stöðum þar sem líkur eru á sementsríku vatni, skal leiða í fráveitu sveitarfélagsins nema um annað sé getið í lóðarskilmálum. Á fráveitu skal vera fellibúnaður eða annar búnaður með sambærilega virkni sem tryggir hreinsun á fráveituvatni að því marki að það geti ekki skaðað fráveitukerfi sveitarfélagsins, sbr. ákvæði I. viðauka með reglugerð nr. 798/1999. b) Afrennsli frá öðrum hlutum lóðar, en þar sem líkur eru á að vatn sé sementsmengað, skal leitt í sandfang áður en það fer í fráveitu bæjarfélagsins eða í annan móttaka í samræmi við lóðarskilmála.	798/1999	
4.5 Ef þörf krefur skal nota vatn eða samþykkt rykbindiefni til að lágmarka rykmyndun frá efnishaugum.	787/1999 5. gr.	
4.6 Hráfnislager (sandur, möl o.s.frv.) skal geyma í aðgreindum og afskermuðum hölfum í samráði við byggingarfulltrúa. Efnislager skal ekki vera hærri en veggir utan um hölfina nema annað hafi verið samþykkt af bæjarskipulagi. Fínefni (t.d. sement) skal eingöngu geyma í lokuðum efnissílóum eða í lokuðum geyslum.	787/1999 5. gr.	
4.7 Lágmarka skal eins og kostur er notkun á hættulegum eða umhverfisskaðlegum efnum s.s. við hreinsun tækja og í steypumót. Velja skal umhverfisvænni efni þar sem þess er kostur. Rekstraraðili skal halda ítarlega skrá yfir efnanotkun sem skal vera aðgengileg í eftirliti.	550/2018	
4.8 Rekstraraðili skal skila afgangi steypu, sem ekki er unnt að endurvinna, og ónýtum steypueiningum til viðurkenndra söfnunar- eða móttökustöðva fyrir úrgang. Geyslu á úrgangsefnum á lóð skal halda í lágmarki.	737/2003 11. gr.	

## 5. ÝMIS ÁKVÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Eintak af starfsleyfi skal ávallt tiltækt á vinnustað.	550/2018	
5.2	Um starfsumhverfi og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/1980	

### Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi starfsfólks, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, reglugerð 787/1999 um loftgæði, reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP), reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olfúmengun frá starfsemi á landi og reglugerð nr. 788/1999 um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppsprettna.